

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir 2014

haldinn að Breiðumýri í Reykjadal, mánudaginn 20. apríl 2015 kl. 14:00.

Mættir voru fulltrúar frá 10 hluthöfum af 19, með 95,1% hluta á bak við sig. Þeir hluthafar sem áttu fulltrú á fundinum voru Norðurþing, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð/(Fræ ehf.), Skútustaðahreppur, Sparisjóður Suður Þingeyinga, Framsýn – stéttarfélag, Arctic Edge Consulting ehf., Verkalýðsfélag Þórshafnar, Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur. Auk þeirra voru á fundinum starfsfólk AÐ og gestir.

Stjórnarformaður félagsins, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga um að Arnór Benónýsson yrði fundarstjóri og Ari Páll Pálsson fundarritari var samþykkt með lófataki og fól formaður Arnóri stjórn fundarins.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun, ríflega 95% hluthafa voru mættir og lýsti fundarstjóri fundinn því löglegan.

1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður AÐ, Sif Jóhannesdóttir fór yfir skýrslu stjórnar og greindi frá því helsta úr starfsemi félagsins á árinu 2014. Um verkefni og aðra þætti starfseminnar vísast í [Ársskýrslu 2014](#) sem aðgengileg er á vef AÐ www.atthing.is.

Í lok máls síns vék hún að mikilvægi þess að sveitarfélögin á starfssvæðinu mótuðu sér sameiginlega stefnu í atvinnu- og byggðamálum, og því hlutverki sem Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga gegni sem sameiginlegur vettvangur í þeim málum. Sagði hún afar mikils virði að standa vörð um starfsemi félagsins.

Fram kom að rekstur félagsins væri í jafnvægi líkt og undanfarin ár, en starfseminni þröngt sniðinn stakkur. Verkefnatekjur dragast saman, framlög ríkis standa í stað en framlög sveitarfélaga tóku verðlagsbreytingum milli ára. Umsvif minnka því óhjákvæmilega og til að unnt sé að standa að aukinni greiningarvinnu og stærri verkefnum þarf að koma til sértæk fjármögnun. Þá þurfi einnig að varast að skera ferðakostnað um of við nögl, því starfssvæðið sé stórt en mikilvægt að viðhalda lifandi og virkum tengslum við atvinnulíf og sveitarstjórnir, sem sé grunnstoð starfseminnar.

Að endingu þakkaði Sif framkvæmdastjóra og starfsmönnum félagsins óbilandi áhuga og elju í þeim krefjandi og fjölbreyttu störfum sem þau sinna. Einnig þakkaði hún úthlutunarnefnd vaxtarsamnings fyrir vel unnin störf og stjórnarmönnum AÐ afar gott samstarf.

Fundarstjóri leggur til að umræður um skýrslu og reikninga verði teknar saman. Engar athugasemdir gerðar við það.

2. Reikningar félagsins fyrir árið 2014

Ársreikningur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fyrir 2014 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður án athugasemda af stjórn félagsins, framkvæmdastjóra og löggiltum endurskoðanda þess, PricewaterhouseCoopers hf. –Ljósbrá Baldursdóttur og Rúnari Bjarnasyni.

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins gerði grein helstu niðurstöðum ársreiknings sem voru eftirfarandi:

Rekstrartekjur	30.619.207
Rekstrargjöld	(30.800.853)



Fjármagnsliðir	573.266
Hagnaður ársins.....	309.416
Fastafjármunir	3.941.032
Veltufjármunir.....	19.670.289
Eigið fé.....	2.239.812
Skuldir og skuldbindingar	21.371.509
Niðurstaða efnahagsreiknings	23.611.321

Framkvæmdastjóri gaf einnig skýringar eftir því sem þurfa þótti og gerði grein fyrir sundurliðun einstakra liða. Sjá nánar í ársskýrslu sem aðgengileg er á heimasíðu atvinnuþróunarfélagsins www.atthing.is.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs og voru skýrslan og ársreikningur samþykkt samhljóða.

3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur frá fulltrúum hluthafa að eftirfarandi stjórn:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Á. Baldursson
Arnar Guðmundsson
Haraldur Bóasson
Sif Jóhannesdóttir
Elías Pétursson

Varastjórn:

Yngvi Ragnar Kristjánsson
Björn Víkingur Björnsson

Í tillögunum fólust þær breytingar frá fyrri stjórn að Elías Pétursson, sveitarstjóri í Langanesbyggð kæmi inn í aðalstjórn, Yngvi Ragnar Jónsson færi úr aðalstjórn í varastjórn og Hilma Steinarsdóttir viki úr stjórn.

Aðrar tillögur komu ekki fram og voru ofan ritaðir stjórnarmenn því sjálfkjörnir sem staðfest var með lófataki.

Samkvæmt ákvörðun síðasta aðalfundar gerði stjórn félagsins á síðasta ári verðkönnun um endurskoðun reikninga. PriceWaterhouseCoopers bauð hagstæðustu kjörin og var samið við það fyrirtæki til þriggja ára.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þessu atriði og kom fram að kostnaður við endurskoðun lækkaði um u.þ.b. 30% á milli ára.

Engar athugasemdir komu fram og var ofangreind tilhögun samþykkt samhljóða.

4. Ráðstöfun hagnaðar/taps.

Fyrir fundinum lá tillaga um að rekstrarhagnaði verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé eins og gert er í samþykktum ársreikningi.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Þóknun til stjórnarmanna

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna taki mið af greiðslum fyrir nefndarsetu hjá Norðurþingi (*aðrar nefndir*) – líkt og verið hefur. Þóknunin er í dag kr. 11.927,- fyrir hvern fund og lagt er til að formaður fái þar á ofan 50% álag svo sem verið hefur.

Þegar framkvæmdastjóri hafði gert nánari grein fyrir ofangreindu fyrirkomulagi gaf fundarstjóri orðið laust en engin kvaddi sér hljóðs.

Fyrirliggjandi tillaga var borin upp og hún samþykkt samhljóða.

6. Tillaga að breytingu á 12. gr. samþykka félagsins – staðfesting á afgreiðslu aðalfundar 2014

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingunni og hóf mál sitt á að biðja aðalfund afsökunar á því að fyrir hafði farist að senda tilkynningu um breytinguna, sem samþykkt var á síðasta aðalfundi, til fyrirtækjaskrár innan tilskilins frests og hún því ekki tekin gild. Til að svo megi verða þarf aðalfundur nú að staðfesta fyrri afgreiðslu. Um tillöguna segir í síðustu aðalfundargerð:

„Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga að breytingu á 12. gr. samþykka félagsins. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingunni sem er til þess gerð að taka af allan vafa um að tölvupóstur sé viðurkennt fundarboð, en sá háttur hefur verið viðhafður undanfarin ár.

Talsverðar umræður spunnust um tillöguna og snérist þær einkum um hvort jafnframt ætti að kveða á um staðfestingu á móttöku að tölvupósts. Einnig kom fram tillaga um að í greininni væri einnig kveðið á um tilkynningu á heimasíðu félagsins.

Etir umræður og lítils háttar breytingar á orðalagi var breytingartillagan á þessa leið (breytingar eru rauð- og feitletraðar):

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu **á heimasíðu félagsins** og til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti, **tölvupósti** eða á annan jafnsannanlegan hátt. **Skulu hluthafar bera ábyrgð á því að rétt tölvupóstfang til boðunar hluthafafunda sé skráð hjá félaginu.** Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Tillaga þessi var borin upp að nýju og hún samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri Norðurþings kvaddi sér hljóðs. Hann fagnar því að AÐ tekur við nýjum starfsmanni, sem mun starfa á Raufarhöfn og efla verkefnið Brothættar byggðir, og sagði fagnaðarefni að Byggðastofnun setji fjármuni í þetta verkefni. Fram hefði stundum komið gagnrýni á að AÐ kæmi ekki nóg að málum á norðursvæðinu, en það er væri dýrt að vera lítill.

Um leið og hann bauð Silju Jóhannesdóttur velkomna, sagði hann að Norðurþing kæmi að verkefninu og vænti áframhaldandi góðs samstarfs við AÐ og ekki síst Silju. Hann kvaðst hlakka til að spýta í lófana við uppbyggingu á norðursvæðinu. Að lokum vildi hann mælast til þess að rætt verði um Raufarhöfn framtíðarinnar fremur en Brothættar byggðir þar sem það hefði yfir sér jákvæðari blæ. Hann lauk máli sínu með því að óska AÐ til hamingju og bjóða Silju velkomna til starfa.

Friðrik Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Norðurþings kvaddi sér hljóðs. Hann sagði að sem fyrrverandi stjórnarmaður þætti honum vænt um félagið og vildi sjá veg þess dafna. Hann kvað AÐ á vissan hátt hafa svolítið verið hjartað í samstarfi á svæðinu, lím á milli sveitarfélaganna. Þó að Norðurþing hafi svolítið verið upptekið af Bakka væri ýmislegt annað að gerast á svæðinu sem AÐ hefði sinnt vel, og fyrir það vildi hann þakka.

Hann greindi frá því að sveitarstjórnarmenn hefðu á nýlegu þingi verið brýndir fyrir lítið samstarf eða sameiningar á sveitarfélagastigi á sama tíma og ríkið hefði staðið í margs konar sameiningum. Hér hefði hins vegar verið gott samstarf um AÐ og fleiri þætti og þeir sem nú stjórna væru mjög áhugasamir um að efla þetta samstarf.

Loks óskaði hann félaginu og nýrri stjórn velfarnaðar á komandi starfsári og hlakkar til að sjá hvað kemur frá henni að ári.

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri kvaddi sér hljóðs og bauð Silju Jóhannesdóttur, nýjan starfsmann félagsins sérstaklega velkomna. Þetta væri mikilvægur áfangi fyrir félagið og stór þáttur í því að gera félagið virkara á norðausturhluta starfssvæðisins. Núverandi stjórnarformaður var áður starfsmaður í Gebris verkefninu á sama svæði, og það skipti gríðarlegu máli. Hann fagnar því mjög að Byggðastofnun komi að þessu verkefni, því það skiptir mjög miklu máli að vera sýnilegur, og það er dýrt þegar vegalengdir eru þetta miklar.

Þá greindi hann frá því að á vettvangi Héraðsnefndar hefði verið unnið að því að skoða endurskipulagningu á því samstarfi sem er á vegum sveitarfélaganna, s.s. AÐ, Menningarmiðstöð, Almannavarnir og Þingey í Skjálfandafljóti. Spurt er hvort unnt sé að gera þetta betur með því að reka þessa þætti í einu samlagi. Væri hægt að gera þetta með því að reka AÐ starfið undir sameiginlegu byggðasamlagi? Þessi mál yrðu til umræðu á næsta fundi héraðsnefndar.

Stjórn AÐ hefur nokkra aðkomu að þessari vinnu þar sem félagið fer með daglega framkvæmdastjórn fyrir Héraðsnefndina. Taldi framkvæmdastjóri að í slíku samlagi fælist ekki bara rekstrarlegur ávinningur heldur einnig það að allir finni sig sem eigendur og þátttakendur í því starfi sem verið væri að vinna.

Eigendur AÐ eru hins vegar ekki allir sveitarfélög og því þyrfti að útfæra aðkomu þeirra að slíku samlagi, en mikilvægt væri að viðhalda þessum tengslum við aðila vinnumarkaðarins og stéttarféлага (t.d. að samtökin ættu aðild að fulltrúaráði nýs byggðasamlags).

Slíkt byggðasamlag nýttist ekki bara til þess að efla samstarf, heldur einnig til að efla starfsemi einstakra sveitarfélaga þar sem, í sumum tilfellum, stjórnsýslan hvílir á fáum herðum.

Ekki væri verið að tala um að endurskapa héraðsnefnd með miklum rekstri (eins og var) heldur að þetta verði hluti af daglegri stjórnsýslu sveitarfélaga. Reinhard vildi með þessum orðum koma hugmyndinni á framfæri við aðalfund.

Arnór Benónýsson, oddviti Þingeyjarsveitar tók næstur til máls og sagði hugmyndina um byggðasamlag hafa verið rædda innan héraðsnefndar síðan í haust. Af lagalegum ástæðum væri nauðsynlegt að gera formbreytingu á Héraðsnefnd. Það mætti kalla þetta stækkun stjórnsýslusvæðis án sameiningar. Hann sagði að í átökum við ríkisvaldið finndu sveitarstjórnarmenn vel fyrir því að þar væri við að etja hóp fólks sem hefur það að atvinnu á meðan hér er verið að sinna sveitarstjórnarstörfum í áhugamennsku. Þetta myndi styrkja sveitarfélögin og samstarfið og rjúfa einangrun starfsmanna. Síðan er spurningin sem varpað er fram, hvort eigi að setja AÐ undir þennan hatt.

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps kvaddi sér næst hljóðs. Hann sagðist hafa kynnst atvinnuþróunarstarfinu í gegnum tíðina og verið í þeim sporum. Hann sagðist telja AÐ heppið með þá einstaklinga sem valist hefðu til starfa þar, sem væri mikilvægt og endurspegladist í starfinu. Hvað varðar hugmyndir um byggðasamlag taldi hann mikilvægt að festa sig ekki í forminu. Vissulega væri mikilvægt að tapa ekki aðkomu fyrirtækja að starfinu, en hér væri þó verið að tala um samtal ríkis og sveitarfélaga og e.t.v. væri byggðasamlag ekki endilega besta formið. Í því sambandi tók hann dæmi frá Vestfjörðum þar sem stofnað var byggðasamlag en atvinnuþróunarfélagið stæði utan þess. Aðalatriðið væri að efla starfsemina á svæðinu.

Fleira var ekki rætt á fundinum. Stjórnarformaður þakkaði fundarmönnum og sleit fundi kl.14:48



Hvatningarverðlaun AÞ 2015

Að loknum aðalfundi fór að venju fram árleg afhending Hvatningarverðlauna Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Framkvæmdastjóri félagsins kynnti verðlaunin sem hafa þann tilgang að vekja athygli á því sem vel er gert og um leið að hvetja aðra til dáða. Hann sagði margt hægt að gera þegar einhugur og dugnaður færu saman og dæmi um slíkt væri verðlaunahafinn í ár. Það var Vélaverkstæðið í Árteigi sem að þessu sinni fékk viðurkenninguna fyrir framúrskarandi framleiðslustarfsemi þar sem hugvit og fádæma verkþekking eru tvinnuð saman til hagnýtingar vatnsafls.

Framkvæmdastjóri gerði stutta grein fyrir starfsemi og sögu fyrirtækisins áður en Eiður Jónsson veitti viðurkenningunni móttöku úr hendi stjórnarformanns og þakkaði hvatninguna fyrir hönd þeirra bræðra í Árteigi.

Málþing: Svæðisskipulag – tæki til stefnumörkunar

Frummælandi var Matthildur Elmarsdóttir hjá ráðgjafarfyrirtækinu Alta en þær spurningar sem lagt var upp með voru m.a. Hvernig getum við nýtt svæðisskipulag til stefnumörkunar í atvinnu- og byggðamálum? Er stefnumörkun í atvinnumálum ekki öðrum þræði stefnumörkun um landnotkun? Hvað viljum við? Hvað viljum við hvar? Hvernig stöndum við best að því að vinna sóknaráætlun landshlutans?

Að framsögu lokinni spunnust allnokkrar umræður og ljóst að svæðisskipulag getur verið árangurrikt verkfæri til sameiginlegrar stefnumótunar á stærra svæði eins og t.d. starfssvæði atvinnuþróunarfélagsins.

Fundarstjóri

Arnór Benónýsson

Fundarritari

Ari Páll Pálsson